

1. og 2. málsgr. laga nr. 31 2. apríl 1943.

79

Loks eru úr gildi numin öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög. 20. ágúst

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 20. ágúst 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

BRÁÐABIRGÐALÖG

80

um togarakaup ríkisins.

23. ágúst

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að með því að eitt af aðalatriðum í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar sé að hlutast til um, að nýir togarar verði keyptir til landsins, þá hafi farið fram ýtarlegar athuganir á þessu máli, bæði innan lands og utan. Þessar athuganir hafi leitt í ljós, að öruggasta leiðin til þess að fá togara byggða erlendis fljótt og með hagkvæmustu kjörum sé, að ríkisstjórnin gerist aðili að væntanlegum samningum um togarasmíðina. Jafnframt sé nauðsynlegt að hefjast handa nú þegar um þær samningagerðir.

Með því, að ég fellst á, að brýn nauðsyn sé á því að semja um smíði togarara nú þegar, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 30 togara erlendis með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 60 millj. króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið seld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 23. ágúst 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.